

# Eystrahorn

27. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 19. júlí 2018

www.eystrahorn.is

## Kaffihús í Golfskálanum



Pallurinn góði í smíði. Arndís og Barði eru á innfeldu myndinni

Nú í byrjun sumars opnaði Cafe Tee í Golfskálanum við Silfurnesvöll. Þau sem reka kaffihúsið eru Arndís Lára Kolbrúnardóttir og sambýlismaður hennar Barði Barðason en þau komu til Hafnar fyrir um tveimur árum og líkar mjög vel hér. Þau höfðu alltaf haft kaffihúsa/bar draum og þegar þau sáu tækifærið að láta báða rætast létu þau slag standa. Kaffihúsið opnaði í byrjun júní og hefur Golfklúbbur Hornafjarðar byggt stóran

og góða pall við skálann sem mun nýtast gestum og golfurum á bliðviðrisdögum. Boðið er upp á hádegismat og léttar veitingar ásamt bar. Alltaf er hægt að fá nýbakaðar vöflur og annað kruðerí. Þau hafa verið dugleg að halda allskonar viðburði svo sem pub-quiz, karaoke og tónleika. „Planið er að hafa viðburð einu sinni í viku út sumarið, hvort sem það eru spílavöld, pub-quiz eða annað. Það verður þó lokað helgina 20. - 22 júlí en þá tókum

við okkur smá sumarfrí en fjótlega eftir það mun hornfirska hljómsveitinn Kla Kar halda tónleika á Cafe Tee“ segir Arndís. Arndís og Barði eru opin fyrir öllum uppástungum um viðburði og taka að sér veislur og aðrar uppákomur fyrir hópa. Cafe Tee er fyrir Hornfirðinga til að njóta góðrar stemningar og hafa það kosý.

## Hrafnavellir Guesthouse



Um síðustu helgi opnaði gististaðurinn Hrafnavellir Guest House með þessu dásamlega útsýni yfir sléttuna vestan til í Lóninu. Eigendurnir Unnsteinn Steindórsson og Sigurjón Steindórsson og fjölskylda eru að vonum ánægð enda mikil vinna og tími farið í uppbygginguna. Þar með hefur bæst við gistiflórana austan við Höfn. Gistihúsin eru 7 talsins, svo kölluð Jöklahús og 1 þjónustuhús sem er samsett

úr fjórum gistihúsum. Morgunverður er innifalinn í gistingunni. Eigendur þakka öllum þeim sem litu inn um helgina fyrir komuna, iðnaðarmönnum fyrir þeirra frábæra verk og öðrum sem að verkinu komu á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir fá fjölskylda og vinir sem lögðu hönd á plóg, þvílíkt bakland er ómetanlegt og aldrei full þakkað.

**Næsta tölublað Eystrahorns kemur út þann 16. ágúst**



## Kálfafellsstaðarkirkja Ólafsmessa Sunnudaginn 29. júlí kl. 20:00 verða hinir árlegu Ólafsmessutónleikar.

Tónlistarmaðurinn Svavar Knútur sækir Suðursveit heim að þessu sinni og má búast við góðu og skemmtilegu kvöldi þar sem Svavar er þekktur fyrir góða tónlist og skemmtilegar frásagnir. Tilvalið fyrir heimamenn að koma og njóta kvöldstundar í Kálfafellsstaðarkirkju og taka gesti með.

Aðgangur ókeypis.  
Sjá nánar á

[www.bjarnaesprestakall.is](http://www.bjarnaesprestakall.is)

Prestarnir



## Þakkir

Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar,

**Jóhönnu Ólafsdóttur**

sem lést á hjúkrunarheimilinu  
Skjólgarði föstudaginn 6. júlí  
síðastliðinn.

Sérstakar þakkir til starfsfólks HSu  
fyrir umönnun og hlýju.

*Birna, Trausti og aðrir aðstandendur.*



## Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Næsta ferð verður 20. - 22. júlí.

Útileguferð í nágrenni Kirkjubæjarklausturs, sameinast þar á tjaldsvæði og síðan er fyrirhugað að skoða Fjaðurárgljúfur og Álftaver.



Jóhannes Danner mun sjá um þessa ferð og æskilegt að menn tilkynni sig hjá honum í síma 896-2081.



## Andlát

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Reynir Sigursteinsson, bóndi og fyrrverandi ráðunautur,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði föstudaginn 6. júlí síðastliðinn.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Við þökkum auðsýnda samúð. Starfsfólki Skjólgarðs færum við sérstakar þakkir fyrir alúðlega umönnun.

*Katrín Lilja Haraldsdóttir, börn, tengdabörn og barnabörn.*

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs eða Krabbameinsfélag Suðausturlands.



## Viðskiptavinir athugið

Rakarastofan verður lokuð vegna sumarleyfis frá 19. júlí til 13. ágúst

*Kveðja Baldvin*



## Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

## Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126



## Skotvopna- og veiðikortanámskeið


Til að öðlast réttindi til almennra skotveiða er farið á tvö námskeið, skotvopnanámskeið og veiðikortanámskeið. Skráning og nánari upplýsingar á [veidikort.is](http://veidikort.is).

**Skotvopnanámskeið á Höfn** VERÐ KR. 27.000

24.-25. ágúst kl. 18:00-22:00 / 9:00-13:00 bóklegt hjá Nýheimum.

25. ágúst verklegt hjá Skotfélaginu.

Þátttakendur á skotvopnanámskeiðum þurfa að skila inn sakavottorði, læknisvottorði og passamynd a.m.k. tíu dögum fyrir námskeiðið á lögreglustöð í umdæmi lögheimilis umsækjanda. Læknisvottorðið þarf að vera sérstaklega útféfið vegna skotvopnaleyfis.



## Umhverfisviðurkenningar 2018



Handhafar umhverfisviðurkenninga 2017

Umhverfisnefnd auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar 2018.

Umhverfisnefnd auglýsir eftir tilnefningum, einstaklingi (um), félagsamstökum, stofnun, fyrirtæki og lögbýlum til sveita, sem hefur með athöfnunum sínum verið til fyrirmyndar og gert umgengni við náttúru og umhverfi að eðlilegum hætti í störfum sínum og rekstri eða hefur á annan hátt lagt mikið af mörkum til verndunar náttúru og umhverfis.

**Frestur til að tilnefna er til 21. ágúst**, tilnefningum skal skila á skrifstofu Ráðhússins Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði eða á netfangið [bryndis@hornafjordur.is](mailto:bryndis@hornafjordur.is)

Bryndís Bjarnarson  
Upplýsinga- og  
umhverfisfulltrúi



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Láttu sjá þig á pallinum í sumar



### Alhliða veitinga- og pizzastaður

Verðum með opið frá kl.16-24 í sumar. Eldhúsið opið til kl.23

Happy hour stemning með bar-matseðli milli kl.16-18

Pizzapantanir í síma 478-2200. Heimsending frá kl.18-21.

**ÓSINN**  
RESTAURANT-PIZZERIA

**Hótel Höfn**  
Víkurbraut 20  
780 Höfn í Hornafirði  
S: 478 1240



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

### Sumarlokun Ráðhúss

Afgreiðsla Ráðhússins er lokuð frá og með 2. ágúst til og með 10. ágúst vegna sumarleyfa.

Vegna brýnna erinda er hægt að senda tölvupóst á [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is).

Einnig er hægt að nálgast netföng starfsfólks á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/sveitarfelagid/starfsfolk/>



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

### Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2010-2030 og deiliskipulagi hitaveita í Hornafirði

Bæjarstjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 og tillögu að deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 36. gr. og 3. mgr. 40. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulagsbreyting felst í að skilgreina að nýtt iðnaðarsvæði í landi Hoffells og Miðfells þar sem er núverandi virkjunarsvæði RARIK. Megin markmið deiliskipulagsins er að setja ramma um fyrirhugaða starfsemi á svæðinu og frekari stefnumörkun um uppbyggingu á iðnaðarsvæði í landi Hoffells/Miðfells í Sveitarfélaginu Hornafirði ásamt iðnaðarsvæði í landi Stapa.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með fimmtudeginum 19. júlí nk. til mánudagsins 3. september 2018 og hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7b 105 Reykjavík. Tillögurnar er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins undir <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/>.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillögu til mánudagsins 3. september 2018. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27.

*Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

# Fiskbúð Gunnhildar

Ferskur fiskur, fiskur í raspi, fiskréttir, nýr silungur, lax, humar, nýjar kartöflur og margt fleira

Opið frá kl 14:00 til 18:00, mánudag til fimmtudags.

Verið velkomin

S: 865-3302 og 478-1169

Netfang: [fiskbud.gunnhildar@simnet.is](mailto:fiskbud.gunnhildar@simnet.is)



## Unglingalandsmót 2018


Kynningarfundur á Unglingalandsmótinu sem haldið verður í Þorlákshöfn dagana 2.-5. ágúst (verslunarmannahelgi) verður haldinn í Sindrahúsinu mánudaginn 23. júlí kl. 20:00.

Farið verður yfir þær greinar sem keppt verður í og aðstoðað við skráningu.

Góður vettvangur til að skrá saman í hópíþróttir.

Dæmi um íþróttir sem keppt er í: Frjálsar, fótbolti, körfubolti, sund, fimleikar, bogfimi, kökuskreytingar, motocross, strandblak, golf, stafsetning, dorgveiði og margt, margt fleira skemmtilegt!

Frábær og fjölbreytt skemmtun fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina. Upplýsingar um mótið má finna inn á [www.ulm.is](http://www.ulm.is)



## Okkur á Humarhöfninni vantar þjóna í sal

Kjörið fyrir fólk sem vill vinna í skemmtilegu og alþjóðlegu umhverfi og æfa tungumálakunnáttu sína á lifandi tilraunadýrum.

Um er að ræða fullt starf og hlutastörf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eik Aradóttir netfang: [info@humarhofnin.is](mailto:info@humarhofnin.is)



[www.humarhofnin.is](http://www.humarhofnin.is) | [info@humarhofnin.is](mailto:info@humarhofnin.is) | Sími: 478-1200

## Ólafsmessa í Kálfafellsstaðarkirkju

Þann 29. júlí kl. 20:00 verða hinir árlegu Ólafsmessutónleikar. Söngvaskáldið Svavar Knútur sækir Suðursveit heim að þessu sinni og má búast við góðu og skemmtilegu kvöldi þar sem Svavar er þekktur fyrir góða tónlist og skemmtilegar frásagnir.

Tilvalið fyrir heimamenn að koma og njóta kvöldstundar í Kálfafellsstaðarkirkju og taka gesti með. Aðgangur ókeypis.

Sjá nánar á [bjarnaesprestakall.is](http://bjarnaesprestakall.is)



## Manstu eftir taupokanum?

**POKASTÖÐIN**  
Hornafjörður - Iceland